



Markaðsstofa Suðurlands

## **Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands**

**Hótel Hvolsvelli 19. mars 2013 kl. 11:30**

Allir meðlimir stjórnar voru mættir.

### **Kynning á Berlínarpakka – Suðurlandsmolar**

Davíð kynnti Berlínarpakkann, ferð á heimsmeistaramót íslenska hestsins 4-6. ágúst 2013. Davíð verið í sambandi við flugfélagið Wow og þeir eru tilbúnir að koma að kostnaði sýningarbás á sýningunni. Búinn verður til heildarpakki til Íslands með flugi, gistingu og fl. Möguleiki væri svo að selja svona pakka á sýningunni. Þetta væri svo verkefni sem hægt væri að kynna áfram á öðrum sýningum.

### **Workshop Skandinavíu**

Íslandsstofa hefur leitað eftir því að vinna með Markaðsstofum landsins. Vilja fá stofunnar að taka þátt í sýningum, workshop í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Kostnaður Markaðstofanna væri flug og upphald, Íslandsstofa kostar sýningarbásana. Davíð hefur lagt til að það verði 2 stofur sem fari í saman í ferð frekar en ein. Stjórn samþykkir að Davíð fari í kostnaðargreiningu á ferðinni og kynni fyrir stjórn síðar.

### **Pakkafundir – Suðurstrandarrútan**

Ákveðið hefur verið að fara fundarherferð um Suðurland og móta þematengda ferðapakka um svæðið.

Davíð kynnti hugmynd um suðurstrandarrútna. Þeir voru með kynningarfund á Hótel Selfoss í síðustu viku. Þeir hafa áhuga á samstarfi við suðurland og kynntu þeir verkefni á þessum fundi. Þeirra hugmynd er að koma á fót viðburðum á suðurlandi sem geta orðið árvissir viðburðir. Vilja finna viðburð sem haldinn yrði á lágannatíma og yrði árviss. Hugmynd að viðburðinum er fyrir útlendinga og gæti verið t.d. hjólreiðakeppni, hestamót og fl. DMC eru mjög vel tengdir um allan heim og gætu kynnt og selt þessa viðburði fyrir okkur. Markaðsstofan telur þetta vera mjög spennandi verkefni.

### **Ársreikningur**

Ársreikningur lagður fram til kynningar og hann samþykktur.

### **Önnur mál**

Sóknaráætlun 20/20. Davíð sat fundi í þessu verkefni og hefur fengið samþykkt að fá inni Markaðsstofuna 5 milljóna króna framlag fyrir starfsmann sem kæmi að vinnu á vefnum Winterwonderland og efla ferþajónustu á suðurlandi allt árið. Stjórnin felur Davíð að vinna þetta verkefni og finna starfsmann sem hentar inni þetta verkefni.

**Fundi slitið kl 12:10**

